

		Nýtingar- stuðull
Grálúða	- hausuð	72,0
	- hausuð og sporðskorin	70,0
Steinbítur	- hausauður	68,0
	- flök, roðlaus með beini	35,0
Koli	- hausauður	72,0

2. gr.

Auglýsing þessi er sett skv. reglugerð nr. 511, 18. ágúst 1998 um mælingar á vinnslunýtingu um borð í skipum sem vinna afla um borð, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 18. desember 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um ábyrgðargjald atvinnurekenda.

1. gr.

Ábyrgðargjald atvinnurekenda vegna ábyrgðasjóðs launa vegna gjaldþrota skal árið 1999 vera 0,04% af gjaldstofni sbr. 6. gr. laga um tryggingagjald nr. 113/1990, með síðari breytingum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 2. mgr. 3. gr. laga um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota nr. 53/1993, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 18. desember 1998.

Páll Pétursson.

Húnbogi Þorsteinsson.